Skáld í skólum | 2022

Bókmenntadagskrár fyrir börn og unglinga

Skáld í skólum 2022

Töfrar hversdagsins

Hversdagurinn þykir yfirleitt ekki ævintýralegur en samt ratar hann ævintýralega oft í bækur. Til eru óteljandi bækur um krakka að gera hversdagslega hluti. Um krakka sem fara í fýlu, byrja í skóla, flytja í nýtt hús eða skjótast út að leika við vini sína. Ævintýri um ósköp venjulega krakka að gera ósköp venjulega hluti. Hvers vegna skyldi það vera?

Rithöfundarnir **Yrsa Þöll Gylfadóttir** og **Benný Sif Ísleifsdóttir** heillast af hversdeginum. Þeim þykir hann blátt áfram töfrandi! Í dagskrá sinni fjalla þær um hversdagslegan efnivið bóka og sýna fram á mikilvægi hans í lífinu og skáldskapnum. Lauflétt og ævintýraleg dagskrá fyrir yngsta skólastigið!

Benný Sif Ísleifsdóttir er rithöfundur og þjóðfræðingur. Hún skrifar skáldsögur fyrir fullorðna en hefur jafnframt sent frá sér tvær barnabækur, *Jólasveinarannsóknina* og *Álfarannsóknina*, sem Elín Elísabet Einarsdóttir myndskreytti. Fyrir frumraun sína, skáldsöguna *Grímu*, hlaut Benný Nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta og Hljóðbókaverðlaun Storytel. Skáldsaga hennar, *Hansdætur*, var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Evrópusambandsins 2021.

Yrsa Þöll Gylfadóttir er rithöfundur og kennari. Yrsa hefur sent frá sér skáldsögur bæði fyrir fullorðna og börn, þ.á m. hinn vinsæla bókaflokk *Bekkurinn minn* ásamt myndhöfundinum Iðunni Örnu. Yrsa Þöll var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Evrópusambandsins 2021 fyrir skáldsögu sína *Strendingar - fjölskyldulíf í sjö töktum.* Hún hefur einnig stýrt ritsmiðjum fyrir börn og unglinga á vegum Borgarbókasafnsins og Háskóla unga fólksins.

Dagskrá hentar best **1. – 4. bekk.**

Skáld í skólum 2022

Leyndardómar, kjánalæti, íþróttaæfingar og dauðinn

Hvernig er hin fullkomna barnabók? Er hún löng eða stutt? Má hún vera um hvað sem er? Hvernig bækur á alls ekki að skrifa? Þetta eru allt afar mikilvægar spurningar. En hver getur eiginlega svarað þeim?

Rithöfundarnir **Arndís Þórarinsdóttir** og **Ævar Þór Benediktsson** lesa mikið af bókum, skrifa mikið af bókum og hugsa mikið um bækur. Þau ætla að rannsaka þetta mikilvæga mál til hlítar og leita því til færustu sérfræðinga í málinu: Krakka á miðstigi! Arndís og Ævar stinga sér á bólakaf í bókmenntaumræðuna með ungum lesendum og skoða hvað það er sem skiptir raunverulega máli – í listinni og í lífinu.

Arndís Þórarinsdóttir er rithöfundur og þýðandi. Meðal bóka hennar eru þríleikurinn um Nærbuxnaverksmiðjuna og *Bál tímans: Örlagasaga Möðruvallabókar í sjö hundruð ár.* Hún skrifaði *Blokkina á heimsenda* ásamt Huldu Sigrúnu Bjarnadóttur, en bókin hlaut bæði Barnabókmenntaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur og Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2020. Arndís hefur auk þess verið tilnefnd Barna- og unglingabókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

Ævar Þór Benediktsson er er rithöfundur og leikari. Hann er þekktastur fyrir vinsælan bókaflokk sinn Þín eiginbækurnar og þættina um Ævar vísindamann. Ævar hefur hlotið mörg verðlaun og viðurkenningar fyrir ritstörf sín, m.a. Bókaverðlaun barnanna og Vorvindaviðurkenningu IBBY á Íslandi, ásamt ýmsum tilnefningum, þ.á m. til alþjóðlegu ALMA-verðlaunanna. Ævar hefur einnig átt það til að halda lestrarátök á landsvísu!

Dagskrá hentar best **5. – 7. bekk.**

Skáld í skólum 2022

Hið umbreytandi afl

Hið ritaða orð býr yfir umbreytandi afli! Það færir okkur á milli mismunandi líkama og hugarheima, milli landa og tímaskeiða, jafnvel milli ólíkra vídda. Lestur og skrif dýpka skilning fólks á sjálfu sér, umhverfi sínu og færir því jafnframt nýja hugsun og framandi heima.

Við sem höfum lært að lesa og skrifa höfum fengið tækifæri til að gera okkar eigin veruleika skil. Það er tækifæri sem enginn ætti að láta sér úr greipum ganga. Því engin manneskja er betur til þess fallin að segja sinn sannleika en hún sjálf. Í dagskrá sinni munu höfundarnir **Aðalsteinn Emil Aðalsteinsson** og **María Elísabet Bragadóttir** lýsa frelsinu sem fylgir því að stíga inn í heim bókmennta bæði sem lesandi og rithöfundur.

Aðalsteinn Emil Aðalsteinsson er rithöfundur. Aðalsteinn hefur sent frá sér tvö smásagnasöfn, *500 dagar af regni* og *Svefngarðinn*, sem hlutu báðar lof gagnrýnenda og lesenda, en fyrir hið fyrrnefnda hlaut Aðalsteinn Nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta 2020. Aðalsteinn hefur einnig ritstýrt bókmenntatímariti og kennt námskeið í ritlist á vegum Kópavogsbæjar.

María Elísabet Bragadóttir er rithöfundur og heimspekimenntuð. Hún hefur sent frá sér tvær bækur en fyrri bók hennar *Herbergi í öðrum heimi* kom út árið 2020 og var sama ár valin uppgötvun ársins í Morgunblaðinu og eitt af skáldverkum ársins af bóksölum. Nýjasta bók hennar, *Sápufuglinn*, kom út sumarið 2022. María Elísabet hefur einnig skrifað pistla og hugvekjur fyrir útvarp.

Dagskrá hentar best **8. – 10. bekk.**

Skáld í skólum – um land allt!

Höfundamiðstöð RSÍ greiðir ferðir, gistingu og uppihald höfunda. Skólar greiða einungis fyrir flutning á dagskrá. Til þess að ferðir nýtist sem best þurfa skólar á svæðinu að hafa samráð um pantanir.

Lágmarksfjöldi per ferð er 4 bókanir.

Verð og tímalengd

Tímalengd: ein kennslustund/ 40 mínútur.

Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa sem skólar verða að hafa til reiðu.

Verð: 40.000 kr.

Hámarksfjöldi áhorfenda er 100 nemendur á yngsta stigi en 150 nemendur á mið- og unglingastigi.

Tímabil og pantanir

Tímabil: 17. október – 16. nóvember 2022.

Að auki er hægt að panta dagskrár á öðrum tímum að höfðu samkomulagi við hvern og einn rithöfund.

Frestur til að panta dagskrár er til 7. október 2022.

Athugið að mikilvægt er að panta sem fyrst þar sem dagskrár geta verið fullbókaðar á tímabilinu.

Allar pantanir berist á tinna@rsi.is

Upplýsingar í síma 568 3190 og á heimasíðu Höfundamiðstöðvar: www.rsi.is/hofundamidstod

Bókmenntadagskrár **Höfundamiðstöðvar RSÍ**, **Skáld í skólum**, hafa verið fastur liður í hauststarfi grunnskólanna síðan 2006. Dagskrárnar eru metnaðarfullar og fræðandi, höfundar koma í heimsókn til að tala um bækur og lestur, sköpun og skrif, ævintýri sögupersóna jafnt sem skapara þeirra og síðast en ekki síst til að smita nemendur af lestrar- og sköpunargleði.

Í ár munu sex höfundar frá **Höfundamiðstöð RSÍ** heimsækja grunnskólana og fara í ævintýraleiðangur með nemendum og kennurum um veröld bókmenntanna. Þeir munu fjalla um allt sem hægt er að skrifa um; ævintýri hversdagsins, leyndardóma og kjánalæti, íþróttir og dauðann, hið umbreytandi afl og hreinlega allt milli himins og jarðar!

Skáld í skólum er á sínu 17. starfsári. Dagskrárnar hafa fyrir löngu sannað sig sem ómissandi þáttur í kynningu nútímabókmennta í grunnskólum landsins, en tæplega 80 mismunandi dagskár hafa orðið til innan vébanda verkefnisins frá því það hóf fyrst göngu sína.